

Björgólfur Thor Björgólfsson  
c/o Ragnhildur Sverrisdóttir  
Óðinsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2015

### Efni: Kvörtun vegna umfjöllunar Kastljóss 23.6. 2015

Í Kastljósþætti útsendum þann 23. júní 2015, var fjallað um væntanlega hópmálsókn á hendur Björgólfí Thor Björgólfssyni. Í þættinum komu fram ýmsar nýjar upplýsingar, um málið, þvert á það sem haldið er fram í erindi Björgólfss Thors, dags. 30. júní 2015.

Hér var um að ræða fundaðgerðir og tölvuskeyti sem vörpuðu meðal annars ljósi á það hver tilgangurinn var með breytingu á eignarhaldi á hlutabréfum. Eignarhaldið var fært á milli aðila til að koma í veg fyrir að Björgólfur Thor kæmist í þá stöðu að Landsbankinn þyrfti að upplýsa um viðskipti sín við hann og einnig að aðilar teljist yfirtökuskyldir samkvæmt lögum.

Því fer fjarri að upplýsingarnar sem fengnar eru úr fundargerðum og tölvubréfum séu rifnar úr samhengi í umfjölluninni. Þvert á móti var framsetningin mjög skýr hvað þetta varðar.

Hvað varðar framsetningu og upplýsingaöflun umfjöllunarinnar þá ber að geta þess að fréttamaður Kastljóss ræddi við two talsmenn Björgólfss Thors áður en umfjöllunin var send út. Í samtölum hans við Ragnhildi Sverrisdóttur og Friðjón Friðjónsson fór ekki milli mála að þau þekktu málið og virtist fyllilega ljóst um hvað það snerist. Björgólfur Thor var að sjálfsögðu boðið að koma í viðtal, en það varð þegar ljóst að hann kaus fremur að senda yfirlýsingu en svara spurningum fréttamannsins. Kastljós er ekki prentmiðill og eðli málsins samkvæmt eru þar ekki lesnar upp langar yfirlýsingar. Efnislegum kjarna hennar var hins vegar komið á framfæri í umræddum þætti, bæði í inngangi umfjöllunarinnar og í lokin. Leitað var því upplýsinga frá báðum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt.

Þá er rétt að benda á að ítrekað hefur verið fjallað um þetta mál í fréttum undanfarin ár. Umfjöllunarefnið átti erindi til almennings og varðaði þá spurningu hvort 25.000 hluthafar í stærsta almenningshlutafélagi á Íslandi hafi hugsanlega verið blekktir í allt að þrjú ár fram að efnahagshruni síðla árs 2008. Það er því bæði sjálfsagt og eðlilegt að um það sé fjallað.

Að lokum skal á því hnykkt að Björgólf Thor stóð og stendur enn til boða að koma í viðtal í Kastljósi.

f.h. Kastljóss

Þóra Arnórsdóttir

Helgi Seljan